Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:36 Page 1

VÍNBLAÐIÐ

1. tbl. 2. árg. febrúar / mars 2004



VÍNBÚÐ

Vöruskrá *Nýtt í vínbúðinni* *Styrkt vín* *Gallar í vínum* *Viognier*

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:36 Page 2



EFNISYFIRLIT

FRÁ RITSTJÓRN 3
Vínþjónar til ráðgjafar
Rauðvínssala eykst
Stærstu framleiðslulöndin

MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM 4

FRÉTTIR 6
Vín 2004
Matur 2004
Vín með mat

BRENNIVÍN 7

SKEMMDIR OG GALLAR 8

VIOGNIER 9

STYRKT VÍN 10

NÝTT Í KJARNA 15

Vínblaðið, 1.tbl. 2. árg. febrúar/mars 2004
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal ● Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir
Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir
Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Þorra Hringsson
Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon ● Myndir: Andreas Bennwik, Gunnar Sverrisson, Sigrún Kristjánsdóttir ● Hönnun: Fíton ehf.
Umbrot: ÁTVR ● Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.
Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

VÖRUSKRÁ 20
Rauðvín 20
Kassavín 35
Hvítvín 36
Rósavín 44
Freyðivín 44
Styrkt vín: Sérrí, Madeira, Portvín 46
Síder 47
Ávaxtavín 47
Kryddvín 47
Aperitíf 47
Sake 47
Cognac 48
Armagnac 48
Brandí 48
Calvados 49
Grappa 49
Viskí 49
Romm 50
Tekíla 50
Vodka 50
Gin 50
Sénever 51
Akvavit 51
Anís 51
Snafs 51
Líkjör 51
Bitter 53
Áfengt gos 53
Aðrar tegundir 54
Bjór 55

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 57

VINBUD.IS 78

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA 80

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:36 Page 3



Sævar Már Sveinsson og Erla Theodórsdóttir eru meðal þeirra vínþjóna sem aðstoða viðskiptavini vínbúða.

Vínþjónar til ráðgjafar

Vínþjónar frá Vínþjónasamtökunum aðstoða viðskiptavini vínbúðanna í Kringlunni, Smáralind, Heiðrúnu og á Akureyri helgarnar frá 20. febrúar til 6. mars. Vínþjónar verða í Heiðrúnu og á Akureyri á föstudögum milli kl. 15-18 og í Kringlunni og í Smáralind á laugardögum kl. 14-17.

Vínblaðið í annað sinn

Það er ánægjulegt frá því að segja að hið nýja rit vínbúða ÁTVR, Vínblaðið, hlaut mjög góðar viðtökur þegar það leit dagsins ljós í fyrsta sinn fyrir sl. jól. Vínblaðið kemur nú út í annað sinn með sama sniði.


Blaðinu er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsingarit um vörur vínbúða ÁTVR fyrir viðskiptavini. Þó að ritið sé í eðli sínu upplýsingarit er lögð áhersla á að blanda inn í efnið skemmtilegum fróðleik ásamt gagnlegum upplýsingum.

Vöruúrval vínbúðanna er mismunandi, fjöldi tegunda í vöruúrvali vínbúða er allt frá 80 tegundum til 2200 tegunda og því getur oft verið betra að kynna sér fyrirfram hvaða vörur fást í þeirri búð sem á að versla við. Það er hægt að gera á einfaldan og fljótlegan hátt á heimasíðu okkar, www.vinbud.is. Nánari umfjöllun um notkunarmöguleika vefsins okkar er að finna á blaðsíðu 78.

Rauðvínsala eykst

Rauðvínssala í vínbúðum hefur aukist um rúmlega helming á fimm árum. Árið 1997 seldust 603 þúsund lítrar í vínbúðunum en árið 2003 tæplega 1,5 milljón lítrar.

Vín frá Chile og Frakklandi njóta mikilla vinsælda og er söluhlutfall þeirra til samans um 45%. Hér má sjá skífurit yfir rauðvínssölu ÁTVR árið 2003 eftir framleiðslulöndum.



Stærstu framleiðslulöndin

Ítalía framleiðir mesta magn rauðvíns í heimi. Hér fylgir listi yfir tíu stærstu rauðvínslönd heimsins.

1. Ítalía
2. Frakkland
3. Spánn
4. Bandaríkin
5. Argentína
6. Þýskaland
7. Suður Afríka
8. Ástralía
9. Chile
10. Rúmenía

Þrátt fyrir mikla afkastagetu þessara landa þá helst það ekki endilega í hendur þegar litið er til söluhæstu rauðvínanna frá þessum löndum í vínbúðum hér á landi. Rauðvín frá Chile virðist falla Íslendingum vel í geð og selst mest af þeim, þó er Chile aðeins í 9. sæti framleiðslulistans. Frönsk vín fylgja þó fast á hæla þeirra chiliensku sbr. skífuritið hér til vinstri. En stærsta framleiðslulandið Ítalía er með 14% söluhlutdeild hérlendis og er í fjórða sæti.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:36 Page 4



MOLAR

Ú R Ý M S U M Á T T U M

Vissir þú ...

Elsti lifandi vínviður sem vitað er um í heiminum er í Slóveníu og er meira en 400 ára gamall.



Vín með súrsætum mat

Kínverskur og tælenskur matur koma fyrst upp í hugann þegar talað er um súrsætan mat, en ef grannt er skoðað þá er eitt og annað í hefðbundinni íslenskri matargerð einnig súrsætt svo sem rauðkál. Oft er erfitt að finna vín sem passar með súrsætum mat því sykurinn og sýran í honum passa illa við flest vín. Best er að velja vín sem hafa töluverða sýru og jafnframt mikinn ávöxt. Ágætlega hefur reynst að drekka hvítvín frá Alsace með súrsætum mat t.d. Tokay-Pinot Gris eða hálfþurr Rieslingvín frá Ástralíu. Ef maturinn er ekki mjög sterkur þá ganga þýsk Rieslingvín einnig með súrsætum mat.

Árgangar

Margir velta því fyrir sér hvort árgangar skipti máli og þeir geta vissulega gert það í ákveðnum tilfellum. Ef vínið kemur frá svæði þar sem loftslag er alla jafna fremur stöðugt og heitt er yfirleitt minni munur á vínum milli ára en ef vínið kemur frá svæði sem býr við sveiflukennt og temprað veðurfar. Þegar rætt er um hvort hinn eða þessi árgangurinn er góður þá er í flestum tilfellum aðeins verið að ræða um vín frá Evrópu og þá einkanlega stór rauðvín frá Bordeaux og Búrgúnd. Flestum öðrum vínum sem gerð eru í dag er ekki ætlað að þroskast og því er yfirleitt best að drekka þau meðan þau eru ung.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:36 Page 5

Freyðivínskokteilar

Nú fer tími árshátíða í hönd og huga margir að góðum fordrykk sem auðvelt er að laga. Freyðivínskokteilar hafa verið vinsælir og eru hér tveir ágætir.

Kir Royal
1,5 cl Creme de Cassis sólberjalíkjör sett í kampavínsglas og fyllt upp með kampavíni eða freyðivíni.

Mimósa
6 cl safi úr pressaðri appelsínu sett í kampavínsglas og fyllt upp með kampavíni eða freyðivíni.

Margaríta

Margaríta er sígildur kokteill og er oft spurt um uppskriftina. Hún fylgir hér:

Margaríta
4 cl tequila
2 cl Triple Sec eða Cointreau
Safi úr hálfu lime
Hrist saman með klaka ef vill.
Strjúkið limesneið eftir barmi á háu glasi og dýfið í salt á undirskál áður en drykknum er hellt í.



Á að umhella víninu?

Umhelling er sígilt deiluefni og skiptast menn nánast í hnífjafna hópa hvort þeir telja umhellingu nauðsynlega eða ekki.
Venjulega er umhelling aðeins þörf í tveimur tilfellum. Annars vegar þegar menn eru að drekka þroskuð rauðvín sem stundum hafa töluvert botnfall og þá er nauðsynlegt að umhella til að losna við það. Hinsvegar er ágætt að umhella stórum, ungum og tanníska rauðvínum því snertingin við súrefnið dregur fram ávöxt vínsins og það verður auðdrekkanlegra.

Flest þeirra vína sem neytt er hér á landi falla í hvorugan flokkinn og er því ekki nauðsynlegt að umhella fyrir neyslu þótt það myndi sjálfsagt ekki skaða þau neitt.



Frá vínekru til vínglass

Meðal vínekra (0,4 hektarar) gefur af sér:
5 tonn af vínberjum
13 ½ víntunnur
3000 lítra
Tæpar 4000 vínflöskur
Um 16 þúsund vínglös

Víntunna
370 kg af vínberjum
221 lítri
295 vínflöskur
1180 glös

Ein vínflaska
1,2 kg af berjum
750 ml vín
4-5 glös

Vissir þú ...

Elsta vínkrukka í heimi fannst í Íran og er frá 5400-5000 fyrir Krist. Hún er því um 7000 ára.

Framburður á tegundaheitum

Sumir veigra sér við að bera fram flókin heiti víntegunda, sérstaklega frá Frakklandi. Hægt er að heyra ýmis flókin vínheiti borin fram á glæsilegan hátt á vefsíðunni:
bbr.com/GB/wine-knowledge/pronunciation.lml

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 6





Vín með mat

Hinn vinsæli bæklingur **Vín með mat** er aftur kominn út, en hann kláraðist fyrir síðustu jól.

Þar er að finna leiðbeiningar um hvaða víntegundir fara með alls konar mat. hvort sem það er fiskur, skelfiskur, nautakjöt, önd, pítsa eða austurlenskur matur. Auk þess er árgangatafla um helstu víngerðasvæði heimsins og leiðbeiningar um samsetningu á mat og víni og um hversu mikið vín má reikna með að þurfi í veislur.

MATUR 2004

ÁTVR mun kynna þjónustu sína og ýmsar upplýsingaleiðir um vín fyrir viðskiptavini á sérstöku svæði á sýningunni Matur 2004 sem verður haldin í Fífunni í Kópavogi 26. febrúar - 29. febrúar. Á bás ÁTVR verður m.a. kynnt hvernig þægilegast er finna hinar ýmsu vörutegundir á vinbud.is og annan fróðleik sem þar er að finna.

Á Matur 2004 verður vínsýning á afmörkuðu svæði þar sem átta birgjar taka þátt. Þeir munu bjóða gestum upp á að smakka á ýmsum víntegundum. Samhliða sýningunni verður haldið hið árlega Íslandsmeistaramót barþjóna og mun það fara fram síðasta sýningardaginn, sunnudaginn 29. febrúar.

Gestir á Matur 2004 geta keypt aðgöngumiða á vínsýninguna á 500 krónur.

Aldurstakmark á vínsýninguna á Matur 2004 er 20 ára.

Sýningin verður opin:

Fimmtudagur 16.00 - 20.00 Kaupstefna
Föstudagur 10.00 - 20.00 Kaupstefna
Laugardagur 11.00 - 18.00 Allir velkomnir
Sunnudagur 11.00 - 18.00 Allir velkomnir

Vín 2004

Sýningin Vín 2004 var haldin með miklum glæsibrag á hótel Loftleiðum helgina 24. og 25. janúar sl. Vínþjónasamtökin stóðu fyrir sýningunni í samvinnu við níu birgja sem kynntu í kringum 150 víntegundir. Auk þess kynnti Osta- og smjörsalan, Ostabúðin, Sandholt bakarí og Mosfellsbakarí vörur sínar. Gestir sýningarinnar röltu á milli básа og brögðuðu það sem þar var í boði og nutu þess að fá sér ostbita eða konfektmola til að bragða með vínunum.

Sigurður Bjarkason, formaður vínþjónasamtakanna sagði að allir sem stóðu að vínsýningunni hefðu verið ákaflega ánægðir með árangurinn. Sýningin hafi verið vel sótt og þangað hafi komið fólk sem sérstaklega hafði áhuga á vínum. 700 manns sóttu sýninguna, en það er tæplega þrisvar sinnum fleiri en komu á Vín 2003 sem var haldin í fyrsta skipti í fyrra. Á sunnudeginum héldu Þorri Hringsson, Einar Thoroddsen og Stephane Oudar frá Bourgogne héraði í Frakklandi fyrirlestra sem voru mjög vel sóttir. Á laugardeginum var vínþjónakeppnin haldin og bar Sævar Már Sveinsson þjónn á Hótel Holti sigur úr bítum í annað sinn og hlaut nafnbótina Vínþjónn ársins 2004.



Gestir sýningarinnar nutu þess að smakka kræsingarnar sem voru í boði með vínunum.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 7

Í TILEFNI ÞORRANS
BRENNIVÍN



Nú þegar þorrinn er blótaður með súrmat, hákarli, hrútspungum og öðrum bragðmiklum bitum finnst sumum ómissandi að skola krásunum niður með hefðbundnu íslensku Brennivíni. Síðustu árin hefur neysla á bjór og léttvíni aukist til muna á kostnað sterks áfengis, meðal annars brennivíns. Brennivín er nú talið tilheyra gamalli íslenskri hefð, þykir þjóðlegur drykkur sem hæfir þjóðlegum mat eins og þorramat og þá sérstaklega með hákarli. Því er oft skenkt beint úr frysti í staup.

Brennivín er kornspíri sem er bragðbættur með kúmenbragði og er með 40% vínanda.

FYRSTA BRENNIVÍNSFLASKAN


Áfengisverslun ríkisins hóf framleiðslu á Brennivíni 1. febrúar 1935, þegar banni við sölu sterkra drykkja var aflétt. Nauðsynlegt þótti að hafa miðann á flöskunni óaðlaðandi og var svarti liturinn talinn líklegastur til að hemja ásókn í drykkinn. Þau áform brugðust. Þegar fyrsta framleiðslan kom á markaðinn urðu svarti miðinn og hin ótæpilega neysla tilefni nýrrar nafngiftar. Frá upphafi hafa nöfnin „Svarti dauði“ og Brennivín því verið notuð jöfnum höndum.

ÁTVR hætti framleiðslu Brennivíns um mitt ár 1992. Þá var Þjóðminjasafni Íslands afhent flaska úr fyrstu framleiðslulotunni árið 1935 og síðasta flaskan sem framleidd var 1992.

HÖNNUNARSÝNING FÍT

Á hönnunarsýningu Félags íslenskra teiknara, FÍT, sem haldin verður í tilefni af fimmtíu ára afmæli félagsins í Hafnarhúsinu 29.mars til 7. maí nk. verður sýnd saga grafískrar hönnunar á Íslandi og markaðsefni fjölda fyrirtækja fyrr og nú gerð skil. Þar verður m.a. hönnun á merkingum Brennivínsflaskna og annarra gamalla framleiðsluvara ÁTVR sýnd sem gefur góða hugmynd um útlitshönnun á Íslandi á síðustu öld.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 8



VÍN
SKEMMDIR OG GALLAR

Ástæður fyrir galla
Ýmsar ástæður eru fyrir skemmd eða galla í víni, oftast er um korkað vín að ræða.

Korkað vín: Lyktin er eins og fúkkalykt eða myglulykt og bragðið svipað. Oft er spurt hvort hægt sé að finna hvort vínið sé korkað með því að þefa af tappanum. Ráðlegra er að lykta af víninu sjálfu, því:
- Korkurinn getur verið í lagi en vínið verið korkað.
- Korkurinn getur lyktað illa en vínið verið í lagi.
- Korkurinn getur lyktað illa og vínið verið korkað.

Mygluskán: Oft er mygluskán undir hettunni á flöskunni, það eitt og sér er ekki vísbending um að vínið sé skemmt. Best er að ganga úr skugga um það með því að opna flöskuna og kanna innihaldið.

Bragðið á víninu
Það er gott að venja sig á að hella smávegis af víni í glas og bragða á því til að ganga úr skugga um hvort vínið er í lagi áður en hellt er í fleiri glös. Ef vínið er skemmt er tappinn settur aftur í og því skilað.

Botnfall eða úrfelling sem myndast af litarefnum og tannínum í víninu er skaðlaust með öllu en hvimleitt í glasi. Til að losna við að fá gruggið í glasið er best að umhella víninu áður en því er skenkt.

Vínkristallar: Stundum má sjá í hvítvínum og rauðvínum kristalla sem minna á sand. Þeir eru skaðlausir og bragðlausir. Oft má sjá kristallana neðan á tappanum. Þá er best að umhella víninu áður en því er skenkt.

Edik: Það er sjaldgæft en kemur fyrir að vín breytist í edik og þá leynir það sér ekki.
Ediksýra eykst í víni sem stendur opið í nokkra daga.

Oxun: Hvítvín dökkna og verða brúnleit, rauðvín missa lit og fá á sig brúnan blæ. Lyktin minnir á sérrí.



Góð regla er að skoða og bragða á víninu áður en því er skenkt í fleiri glös.

Áhugaverðir vefir
www.bbr.com er vefur með skemmtilegt efni um vín þar sem hægt er að prófa hæfni sína í vínþekkingu.

www.cocktail.is ýmsir kokteilar og blöndur og annar fróðleikur um áfengi.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 9

VIOGNIER

BLÓMIÐ Í FLÖSKUNNI

Það er oftast þrúgutegundin sem gefur víni einkenni. Það er óhætt að segja að þrúgur hafi ólíka persónuleika. Að þessu sinni kynnum við ilmandi nýstirni

Texti: Christina Heinä Liman Myndskreyting: Andreas Bennwik
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, 2.tbl. 2002, Fréttablaði Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð



Hún er franska sveitastúlkan, sem allur heimurinn fór allt í einu að tala um. Hún á erfitt með að roðna ekki undir öllum lofsyrðunum.

Hvernig tilfinning er það, frá friðsælu og rólegu sveitalífi að leggja heiminn að fótum sér?

- Ó, tíhí. Það er svolítill taugaspenningur að vera í sviðsljósinu. En margir vingjarnlegir gagnrýnendur segja að þangað hafi ég átt að vera komin fyrir löngu síðan.

Þú ilmar kröftuglega og ert bragðmikil. Það þarf satt að segja ekki svo mikið af þér, til að það finnist.

- Já, ég hugsa virkilega um að ilma vel. Svo aðeins örfá prósent af mér nægja í þrúgublöndu.

Prósent, já – vín úr þér eiga það til að vera alkóhólrík.

-Mmm, alkóhól dregur jú virkilega fram bragðið! Þar fyrir utan er ég þétt og mjúk, aldrei súr. Draumur vínneytandans, heyri ég oft.

Hvernig kannt þú við að ferðast, þú sem hefur verið svo heimakær?

- Ó, allir eru svo yndislega góðir við mig! Ég ferðast á fyrsta farrými og bý flott, hvert sem ég fer. Ég fæ meira að segja bestu plássin í víngörðunum.

En þú ert jú frekar vandfýsin. Hvað finnst ræktendum um þig?

- Mér þykir fyrir því að sumir hafa ekki þolinmæði, og megna eða þora ekki að bíða eftir að ég þroskist. Skeri þeir upp of snemma, verð ég bragðlítil og þá verða þeir vonsviknir.

- Það er enginn vafi, að þrátt fyrir allt ert þú reglulega vinsæl - það eru ekki allar þrúgur sem hafa sína eigin heimasíðu, www.enjoyviognier.com. *Hvernig má það vera?*

-Ó, ábyggilega af því að þeir eru svo sætir í sér Englendingarnir!

Viognier í stuttu máli

Litur: Gulur, nokkuð djúpur litur.

Lykt: Mjög ilmríkt, minnir á blómvönd.

Bragð: Þurrt, með góða fyllingu oft lága sýru. Frekar kryddað, blómlegt, getur minnt á suðræna ávexti eins og mangó og litchi.

Passar með: Bragðmiklum réttum, t.d. límónugröfnum steiktum laxi, með parmesan kartöflum eða mildkrydduðum wokrétti með kjúklingabringu. Léttreyktir réttir ganga einnig. Ákjósanlegur selskapsdrykkur.

Fortíð: Var hér áður aðeins ræktuð í Norður-Rónardalnum í Frakklandi. 1965 var hana aðeins að finna á átta hekturum. En það átti eftir að breytast, og frá því fyrir um það bil tíu árum, er þrúgan ræktuð meðal annars í Kaliforníu, Suður-Ameríku, Ástralíu og á ótal stöðum í Suður-Frakklandi.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 10



STYRKT VÍN

ÞORRI HRINGSSON

HVAÐ ER STYRKT VÍN?

Samkvæmt reglugerðum ESB og flestra siðaðra vínframleiðslulanda er vín (nokkurnveginn) skilgreint sem gerjaður safi úr vínberjum sem hefur áfengisstyrkleika á bilinu 7,5-15% og undir þetta falla öll hefðbundin vín sem neytendur þekkja. Styrkleiki alkóhólsins fer eftir sykurmagninu í berjunum og eins hvað gersveppirnir hafa mikið þol gagnvart alkóhólinu því þeir drepast þegar það er komið yfir visst magn. Nú á dögum er algengara en áður að rekast á „sterk“ létt vín með áfengisinnihald á bilinu 14-15,5% en þessi vín eru þó ekki styrkt.

Styrkt vín er á hinn bóginn, eins og nafnið gefur til kynna, vín sem hefur verið styrkt, í flestum tilfellum með brenndu þrúgnabrennivíni eða (eins og sumir kalla) brandíi, annað hvort á meðan gerjun á sér stað eða eftir að gerjun lýkur. Þessi vín hafa alkóhólinnihald á bilinu 15,5-20% Það sem greinir svo styrktu víntegundirnar að eru þrúgurnar sem í þeim eru og svo aðferðin við að þroska þær.

Við könnumst flest við þau undir ýmsum tegundaheitum svo sem púrtvín, sérrí, madeira, marsala og frönsk „vin doux naturel“ vín, en þetta eru þó allt býsna ólík vín þótt þau séu sett undir þennan sama hatt.

SAGA STYRKTRA VÍNA (í stuttu máli…)

Það voru arabískir vísindamenn sem fundu upp aðferðina við að eima gerjaðan vökva og þegar sú vitneskja barst til Evrópu voru menn ekki seinir á sér að blanda hinum eimaða vökva út í vín til að styrkja það. Jafnframt uppgötvuðu menn að væri alkóhóli blandað út í hálfgerjaðan safa þá varð til sætt og sterkt vín sem hafði mun meira geymsluþol en venjulegt vín. Það var svo Arnaldur frá Villanova, katalónskur alkemisti, sem fullkomnaði þessa aðferð og var veitt einkaumboð árið 1299 til að stunda sína aðferð í Suður-Frakklandi þar sem nú er Roussillon. Sá landshluti á sér langa sögu í gerð styrktra vína.

Á 17. öld þegar Englendingar hófu að flytja reglulega inn vín frá Portúgal (Frakkland var þeim lokað rétt einu sinni vegna endalausra stríðsátaka), brá svo við að vínið sem þaðan kom var bæði grófara og tannískara en það franska, enda gerjað í mun heitara loftslagi. Þessi vín voru langtum viðkvæmari í flutningi og til þess að vínið sem fór á skip í Portúgal breyttist ekki í edik á leið norður datt einhverjum snillingi í hug að bæta örlitlu brennivíni út í, sem nokkurs konar rotvarnarefni. Það svínvirkaði og ekki aðeins komst vínið heilu og höldnu norðurleiðina, það var jafnvel töluvert

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 11

betra en þegar það lagði úr höfn. Árið 1678 sendi vínkaupmaður frá Liverpool son sinn til að leita að boðlegum vínum í Norður-Portúgal og sá góði maður rakst á klaustur þar sem munkarnir bættu brandíinu út í vínið áður en það var fullgerjað og þannig kynntist heimurinn því sem við köllum í dag púrtvín.

Upp úr þessu fóru víngerðarmenn og þá aðallega Bretar, að gera markvissari tilraunir með að styrkja hálf- eða fullgerjuð vín og þau fóru smám saman að taka á sig þá mynd sem við þekkjum í dag.

PÚRTVÍN

Púrtvín má samkvæmt alþjóðlegum samningum aðeins framleiða í Dourodalnum, sem er langur og hlykkjóttur dalur norðarlega í Portúgal. Þótt margir haldi að vínið sé kennt við landið er það ekki alls kostar rétt því það heitir í raun eftir borginni Oporto sem hefur verið miðstöð púrtvínsgerðarinnar í rúmar 3 aldir. Margar þrúgur, flestar mjög framandi okkur, eru notaðar til púrtvínsgerðar en sú besta nefnist Touriga National og verður hún að teljast helsta eðalþrúga Portúgals. Aðrar þrúgur sem mikið eru notaðar eru t.d. Tinta Barroca og Touriga Francesa.

Í stuttu máli fer gerð púrtvína fram á þennan hátt: Þrúgurnar eru tíndar. Í gamla daga voru þær jafnan marðar með fótunum í stórum steinámum en nú á dögum er þetta yfirleitt gert í vélum. Safinn og hýðið eru látin liggja saman í tvo til þrjá sólarhringa til að fá sem mestan lit og tannín í vínið en þegar alkóhólinnihaldið er komið upp í u.þ.b. 9% er safinn skilinn frá hratinu og hinu brennda víni bætt út í þar til það verður fjórðungur blöndunnar. Það hækkar alkóhólinnihaldið snögglega upp í 19-20% og er það meira en gerlar almennt þola. Þeir drepast og skilja eftir í víninu töluvert af ógerjuðum sykri, sem er ástæðan fyrir því að að púrtvín (og flest styrkt vín) eru yfirleitt sæt.

ÞROSKUN PÚRTVÍNA

Ný-styrkt er púrtvínið ódrekkandi; bleksvart, tannínmikið og með sterku sprittbragði en eftir nokkra mánaða geymslu er það smakkað af víngerðarmönnum og framtíð þess metin. Eftir smökkunina er allt vínið gæðaflokkað og við tekur langt ferli þar sem það er þroskað allt eftir því hvers konar púrtvín á að gera úr þeim.

Þótt örlítill hluti framleiðslunnar sé ljóst eða hvítt púrtvín er meginhluti hennar rauður og skiptist í tvo flokka; rauð púrtvín og Tawny (eða brún). Ódýrast er svokallað Ruby, sem er látið eldast í ámum í að minnsta kosti þrjú ár áður en það er sett á markað. Ruby-púrtvín eru yfirleitt blönduð úr nokkrum mismunandi árgöngum og eru yfirleitt ekki mjög tilkomumikil vín en geta verið góð í matreiðslu og með ýmsum eftirréttum. Næsti flokkur í gæðaröðinni er Late Bottled Vintage (LBV) og eru þau vín gerð úr þrúgum sem eru heldur betri og þroskaðri en þær sem fara í Ruby-flokkinn og einungis úr einum árgangi. Þessi vín eru þroskuð í eikartunnum í fjögur til sex ár áður en þau eru sett á markað. LBV-vínin eru oftast nær frá því að vera góð og uppí að vera mjög góð og eru heppilegur félagi ýmis konar eftirrétta eða sem fordrykkur. Árgangspúrtvín er hæsti gæðaflokkurinn og er aðeins gert á einstökum árum þegar öll skilyrði eru hin bestu. Það er metið þegar vínið hefur legið tvö ár í ámum. Þá er vínið sett ósíað í flöskur og þar



Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 12

fer þroskinn síðan fram næstu áratugina eða aldirnar. Vínið getur geymst í nokkra mannsaldra og batnað. (Enn er verið að drekka nokkuð góð púrtvín frá síðari hluta átjándu aldar!) Árgangspúrtvín eru frá því að vera mjög góð og upp í að vera einhver bestu vín sem eru gerð í heiminum og því ótrúlegt hvað þau eru á góðu verði, a.m.k. nú um stundir. Þeirra er yfirleitt best að njóta einna og sér eftir máltíðir eða með einföldum eftirmat.

TUNNUÞROSKUÐ PÚRTVÍN

Tawny púrtvín fá lengri geymslu í ámum og missa þar af leiðandi rauða litinn smám saman þannig að þau verða brún og loks (ef þau eru geymd nógu lengi) gullin með rauðbrúnum blæ. Tawny púrtvín, sem ekki hefur tilgreindan aldur, er venjulega sett saman úr nokkrum árgöngum en engum þó yngri en fimm ára. Þau eru prýðileg með t.d. enskri jólaköku og Tíramísú. Ef þau hafa hins vegar tilgreindan aldur, sem má lögum samkvæmt vera tíu, tuttugu, þrjátíu og fjörutíu ár, má reikna með að um meiri gæðavín sé að ræða enda er sagt að sumir menn verði fyrir nánast trúarlegri upplifun við að smakka þrjátíu eða fjörutíu ára gamalt Tawny púrtvín (höfundur greinarinnar einn af þeim). Það er klassísk samsetning að bera fram breskan Stiltonost eða valhnetur með því en best finnst mér að njóta þess án nokkurs meðlætis. Til eru nokkrar aðrar tegundir af púrtvínum, s.s. Vintage Character, Colheita Tawny og Crusted en umfjöllun um þær þarf að bíða betri tíma.



SÉRRÍ

Cream sérrí hefur lengi vel verið eitt vinsælasta vínið meðal roskinna kvenna á Íslandi. Og sérrí á sér margar hliðar sem fróðlegt er að kynnast.

Nafn sitt dregur sérrí af spænsku borginni Jerez de la Frontera sem er syðst á Spáni en vínviðinn má aðeins rækta í nágrenni hennar og borganna Cádiz og Sanlúcar de Barrameda við ósa árinnar Guadalquivir. Loftslagið yfir sumartímann er oft grimmilega heitt en nýtur þó temprandi vinda úr austri og vestri og kalkríkur jarðvegurinn er sérlega vel til þess fallinn að rækta hina hvítu meginþrúgu Palomino sem er um 90% af allri framleiðslunni.

Englendingar hafa komið nálægt uppbyggingu vínframleiðslunnar á þessum slóðum allt frá því að gyðingar voru reknir frá Spáni árið 1492 og enn í dag eru Englendingar helstu sérríneytendur heimsins. Framleiðslan hefur verið upp og ofan í gegnum tíðina en náði hámarki seint á 19. öld og á áttunda áratug síðustu aldar. Síðan þá hefur dregið jafnt og þétt úr neyslunni.

SÉRRÍ VERÐUR TIL

Framleiðsla og þroskun sérrís er ólík púrtvíni og nokkuð flókin en ég ætla þó að gera tilraun til að útskýra þennan feril í stuttu máli. Eftir tínslu eru berin pressuð og gerjuð svo úr verður þurrt hvítvín sem hefur u.þ.b. 13.5% styrkleika. Reyndar eru einnig ræktaðar þrúgurnar Pedro Ximenes og Moscatel sem eru 10% af framleiðslunni og þessar tegundir gefa af sér mun sætara vín að upplagi. Þessi vín eru að hluta til notuð við að gera sérríið sætt seinna á ferlinum.

Eftir að gerjun lýkur er vínið geymt í hálfopnum eikartunnum og þá gerist nokkuð sem er einstakt fyrir sérríið: Yfir það leggst gerskán sem kallast á spænsku „flor“ og kemur í veg fyrir að vínið breytist í edik. Reyndar gerist þetta hreint ekki í öllum ámum (og enginn hefur fundið skýringu á því) en þeim ámum er þá snarlega kippt til hliðar, þau styrkt með brandíi þar til blandan verður 18% og innihald þeirra sett í

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 13

flokk sem kallast „Oloroso“. Florið í hinum ámunum fellur svo til botns smám saman og gefur víninu hið sérstaka bragð sitt. Eins og sjá má er helsti munurinn á sérríi og púrtvíni sá að púrtvín er styrkt á meðan gerjun stendur en allt sérrí byrjar sem þurrt hvítvín og er styrkt eftir að gerjun lýkur.



SOLERA

Sérrí er þroskað í kerfi sem kallast „solera“ og snýst í stuttu máli um að blanda eldri árgöngum saman við yngri til að tryggja að gæði þess séu hin sömu frá ári til árs. Þetta er gert þannig að þegar tappa á víninu á flöskur er aðeins tekinn helmingur úr elstu tunnunum og þær síðan fylltar upp með víni úr næstelstu tunnunni og svo koll af kolli þar til allt nýja vínið er komið í tunnur. Þetta gerir líka það að verkum að sérrí er nánast undantekningarlaust án árgangs því vínið sem fer á flöskurnar er sett saman úr árgöngum sem geta verið meira en aldargamlir.

ÞURR OG SÆT SÉRRÍ

Þurrasta útgáfan af sérríi nefnist Fino og er hið eiginlega hvítvín en styrkt með brandíi (eftir að gerjun lýkur) þar til það verður á bilinu 15.5%-17% áður en það er sett á flöskur. Það er borið fram kalt og er frábær fordrykkur og reyndar mjög gott vín með margs konar mat, sem flestir gleyma því miður oft nú á dögum. Manzanilla nefnist Fino sérrí frá borginni Sanlúcar de Barrameda og ekki ósvipað, en yfirleitt þurrara og sagt vera með sjávarkeim. Amontillado er Fino sem hefur verið geymt lengur í tunnum og fengið á sig gullinn blæ og dýpra bragð. Þetta gerist ekki fyrr en vínið hefur verið í tunnum í a.m.k. átta ár og er því dýrt.

Eins og áður sagði myndast ekki flor á hluta vínsins og það er sett í þann flokk sem kallast Oloroso. Oloroso getur verið þurrt en það sem er á boðstólum hér er undantekningarlítið sætt. Það er annars vegar sykrað með sætu víni úr Pedro Ximenes og Moscatel þrúgum og svo hins vegar með ógerjuðum vínberjasafa sem inniheldur auðvitað mikinn sykur. Hin vinsælu Cream-sérrí eru t.a.m. „sykruð“ með bæði sætu víni og ógerjuðum vínberjasafa og þá ræður magnið hversu vínið verður sætt. Eins og með púrtvínið eru til nokkrar fleiri úgáfur af sérríi t.d. Palo Cortado en ólíklegt er að þær verði markaðsettar hér á landi í bráð, nema þá í mjög litlum mæli.

ÖNNUR STYRKT VÍN

Nánast alls staðar þar sem gerð eru hefðbundin vín eru einnig gerð styrkt vín en fæst þeirra eru þess eðlis að þau hafi hlotið mikla athygli. Þó er rétt að minnast á madeira, sem gert er á samnefndri eyju í Atlanshafinu og þykir jafnan vera eitt besta styrkta vínið sem til er. Það er oftast styrkt á meðan gerjun stendur (eins og púrtvín) og þroskað lengi á tunnum líkt og Tawny-púrtvín. Það er yfirleitt dýrt, því mikið gufar upp á meðan þroskun stendur. Þetta eru fyrst og

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 14

STYRKT VÍN



fremst hvít vín og skiptast í fjóra flokka eftir þrúgutegundum, Sercial, Verdelho, Bual og Malmsey. Malmsey er sætast en Sercial þurrast en hin svona mitt á milli. Mest af Madeira er notað í matreiðslu (um 80%) og er þá ekki eldra en þriggja ára og í það ekki notuð nein ofantalinna þrúgna, heldur önnur sem nefnist Tinta Negra Mole og á miðanum er aðeins greint frá hvort vínið er þurrt, hálfsætt eða sætt. Vínin úr eðalþrúgunum fjórum eru þroskuð lengur (fimm ár til tuttugu ára) og eru töluvert miklu betri.

Eins og ég nefndi í upphafi eru víða framleidd styrkt vín t.d. í Suður-Frakklandi og þau þekktustu nefnast rivesaltes, banyuls og rasteau. Á Sikiley er framleitt hið kunna marsala í bænum Trapani og er það mikið notað til matargerðar. Púrtvíns- og sérríeftirlíkingar má finna í Ástralíu, Kaliforníu og Suður-Afríku, þótt frá árinu 1996 sé bannað að framleiða sérrí og púrtvín annars staðar en þar sem þau eru upprunnin.

STYRKT VÍN MEÐ MAT

Flestir neyta styrktra vína einna og sér en mörg þeirra eru þó prýðisgóð með mat. Besta styrkta vínið með mat er auðvitað hið þurra Fino sem er ákaflega fjölhæft vín og gengur nánast með öllum mat nema þá helst sætum eftirréttum. Það er annar tveggja bestu fordrykkja sem til eru og er sérlega heppilegt með bragðmiklum smáréttum svo sem Tapas. Fino er alltaf drukkið kælt. Meðalþurr sérrí eru ágætir fordrykkir ef þau eru kæld niður en þau passa líka með hóflega sætum eftirmat. Sæt Cream-sérrí eru best örlítið kæld með kökum eða öðrum eftirréttum. Sérstök sérrí eins og t.d. Amontillado eru eiginlega best ein og sér.

Púrtvín geta verið ágætir fordrykkir sérstaklega þá ung Tawny-púrtvín en þá verður að gæta þess að kæla þau aðeins niður. LBV púrtvín eru góð með eftirréttum sem í er súkkulaði og jafnvel rjómi. Þau þola einnig feita og salta osta. Árgangspúrtvín og gömul Tawny-púrtvín eru eiginlega best ein og sér eða þá með hnetum eða möndlum.

Bestu styrktu vínin með súkkulaði eru rivesaltes og banyuls en marsala er ómissandi í ítalska matargerð t.d. er hin þekkta eggjasósa Zabaione gerð að miklu leyti úr marsala.



Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 15



NÝTT Í KJARNA

RAUÐVÍN

Hér eru kynntar nýjar tegundir sem komu í kjarna í janúar og febrúar.



Montecillo Gran Reserva

Flauelsmjúkt og mikið vín með sultukenndum ávexti og sætri vanilluríkri eik í bland við kryddlegna ávexti og negul. Vínið endist lengi og loðir lengi við í munni. Flókið og margslungið vín sem hentar nautakjöti upp í sterkustu villibráð. Passar einnig með bragðmiklum ostum. Yndisleg bragðupplifun.

Megineinkenni:
Ryðrautt. Meðalfylling, grösugt, með þroskuðum ávaxtakeim. Nokkuð stamt.

Árgangur:	1995
Uppruni:	Spánn, Rioja
Framleiðandi:	Bodgas Montecillo S.A.
Magn og vínandi:	750 ml, 13%
Kjörtími og kjörhiti:	Best núna en þolir 5 ára geymslu-16-18°C
Berjategund:	Tempranillo
Vörunúmer:	00137
Verð:	1790



Tommasi Amarone della Valpolicella Classico

Litur: Rauðbrúnn
Ilmur: Þroskaður og áleitinn með miklum karakter.
Bragð: Margslungið, gefur góða fyllingu með votti af þurrkuðum vínberjum

Megineinkenni:
Dökkrautt. Þungt, með sultuðum ávaxtakeim.

Árgangur:	1998
Uppruni:	Ítalía, Veneto, Valpolicella Classico
Framleiðandi:	Tommasi Viticoltori
Magn og vínandi:	750 ml, 15%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Corvina, Rondinella, Molinara
Vörunúmer:	02401
Verð:	2650



Cypress Merlot

Cypress Merlot er fallega plómurautt að lit með góða dýpt. Angan af sólberjum, plómum og kirsuberjum ásamt skemmtilegri samsetningu af súkkulaði, vanillu, appelsínubörk og kryddaðri ristaðri eik. Ríkulegur og flauelsmjúkur Merlot með góða mýkt í eftirbragði. Merlot sem hentar vel með tómatlöguðum pastaréttum og grilluðu dökku og ljósu kjöti.

Megineinkenni:
Dökkrautt. Þétt og mjúkt með bökuðum ávexti. Létt tanníska.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	J. Lohr Winery
Magn og vínandi:	750 ml, 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	03619
Verð:	1190



Casa Lapostolle Merlot Cuvee Alexandre

Valið besta Merlot vín í heiminum 2003 af IWSC (International Wine and Spirit Competition í London). „Dúndurvín“ segir Steingrímur Sigurgeirsson, „dökkur ávöxtur og brenndur, skarpkryddaður, í munni heitur og ágengur, minnir mest á apótekaralakkrís. Þurrt og áfengt (14%) 19/20.“

Megineinkenni:
Dimmfjólurautt. Kröftugt, þétt ávaxtaríkt, eikað, tanníska. Margslungið.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Chile, Colchagua Valley, Valley de Central
Framleiðandi:	Casa Lapostolle S.A.
Magn og vínandi:	750 ml, 14%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	04672
Verð:	1990

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 16

RAUÐVÍN



Fonterutoli Chianti Classico

100% Sangiovese vín, dökkt og kraftmikið. Ilmar af grape, plómum og þroskuð dökkum kirsuberjum. Mikil fylling og langt eftirbragð. Passar vel með bragðmiklum lambakjötsréttum, nauti og frábært með villibráð.

Megineinkenni:
Dimmrautt. Bragðmikið, tanníska. Ungt.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Ítalía, Toskana, Chianti Classico
Framleiðandi:	Marchesi Mazzei S.P.A.
Magn og vínandi:	750 ml, 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	18-20°C.
Berjategund:	Sangiovese
Vörunúmer:	04731
Verð:	1690



Boomerang Bay Cabernet Shiraz

Óeikað vín þar sem frískur ávöxturinn fær að njóta sín. Framleitt af Grant Burge og kemur af svæðum í Suður Ástralíu. Góð fylling, blanda af svörtum og rauðum berjum sem tóna vel saman. Mýkt og gott jafnvægi einkennir vínið. Gott eitt og sér eða með einföldum bragðmildum mat.

Megineinkenni:
Rautt. Meðalfylling, mjúkt, með sætum ávexti.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Suður-Ástralía
Framleiðandi:	South Australian Vintners Pty
Magn og vínandi:	750 ml, 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Berjategund:	Cabernet Sauvignon, Syrah
Vörunúmer:	04732
Verð:	940



Castello di Fonterutoli Chianti Classico

Stórt og mikið vín, hér er Sangiovese þrúgan 90% og Cabernet Sauvignon 10% og útkoman er besta Chianti Classico vín Mazzei-fjölskyldunnar. Dökkur og þykkur ávöxtur, súkkulaði, plómur og fleira góðgæti.Vín sem er hægt að njóta eins og sér eða með bragðmiklum og góðum mat. Ungt vín og þarfnast umhellingar.
Megineinkenni:
Dimmrautt. Kröftugt, þétt, tannískt, með krydduðum eikarkeim.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Ítalía, Toskana, Chianti Classico
Framleiðandi:	Marchesi Mazzei S.P.A.
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C.
Berjategund:	Sangiovese, Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	04733
Verð:	2810



Stone Cellars Merlot

Soðin kirsuber og léttur angan af sætu tóbaki. Mjög gott með grilluðum kjúkling, kjöti í barbeque sósum og eitt og sér.

Megineinkenni:
Rautt. Meðalfylling, mjúkt með sætum kókos, vanillu og karamellukeim.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Beringer Vineyards
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	05033
Verð:	1130



Siete Soles Cabernet Sauvignon

Þetta vín kemur frá víngarðinum Sur Andino í Chile sem er í eigu hins þekkta vínframleiðanda Santa Rita.Tengist goðsögninni um hinar sjö sólir sem sáust í hamrabeltinu við gamalt inkahof. Bragðið er frísklegt með fallegum blæ og bragði af kirsuberjum og plómum með löngum og þægilegum eftirkeim. Hentar vel með kálfakjöti, villibráð, fuglum, pasta, grillréttum og ýmsum ostum.
Megineinkenni:
Fjólublátt. Bragðmikið, ungt og berjaríkt.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Chile, Valle Central
Framleiðandi:	Sur Andino S.A.
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Vörunúmer:	05411
Verð:	890



Table Mountain Cabernet Sauvignon / Merlot

80% Cabernet Sauvignon og 20% Merlot. Þrúgurnar eru handtíndar í útvöldum víngörðum í Stellenbosch, Paarl, Wellington og Robertson á Western Cape svæðinu í Suður Afríku. Auðdrekkanlegt vín með fallegum lit, mjúku og rúnnuðu ávaxtabragði ásamt þægilegum eftirkeim. Gott jafnvægi og fer sérstaklega vel með léttum pasta- og grillréttum ásamt mildum ostum.
Megineinkenni: Rautt. Meðalfylling, mjúkt með jarðbundnum ávaxtakeim.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Suður-Afríka, Western Cape
Framleiðandi:	Distell Ltd.
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Cabernet Sauvignon, Merlot
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Vörunúmer:	05413
Verð:	950

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 17

RAUÐVÍN



Marques de Casa Concha Cabernet Sauvignon

Litur: Brennandi rúbínrauður. Ilmur: Sólber, rauð kirsuber og vottur af ristaðri eik. Bragð: Afar mjúkt og í góðu jafnvægi. Ríkulegt eftirbragð. Gott með nauta- og grísakjöti. Marques Casa Concha var eina chilienska vínið sem komst í topp 100 hjá Wine Spector yfir bestu vín ársins 2002.
Megineinkenni:
Dökkrautt. Kröftugt, með þéttri eik og berjabragði.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Chile, Puente Alto
Framleiðandi:	Concha y Toro
Magn og vínandi:	750 ml, 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	18-20°C.
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	08451
Verð:	1470



Masi Valpolicella Classico

Dökkrautt, bragðmikið og vel gert vín með smákeim af kisuberjum og þroskuðum ávöxtum, flauelsmjúkt með löngu eftirbragði.

Megineinkenni:
Rautt. Frekar létt, milt, ferskt, með ávaxtakeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Ítalía, Valpolicella, Veneto
Framleiðandi:	Masi
Magn og vínandi:	750 ml, 12%
Kjörtími og kjörhiti:	18-20°C.
Vörunúmer:	06969
Verð:	1190



Terra Andina Cabernet Sauvignon

Frá víngarðinum Sur Andino í Chile sem er í eigu hins þekkta vínframleiðanda Santa Rita. Vínið er framleitt eingöngu úr Cabernet Sauvignon þrúgunum sem eru ræktaðar í Central Valley í Chile. Þetta er yndislegt rauðvín með djúpum rúbínrauðum lit, fínlegu bragði sólberja og plóma. Hentar vel með kálfakjöti, villibráð, fuglakjöti, grillréttum, pasta og ýmsum ostum.
Megineinkenni: Rautt. Meðalfylling, höfugt, mjúkt með berjabragði. Létt stemma.


Árgangur:	2001
Uppruni:	Chile, Valle Central
Framleiðandi:	Terra Andina
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C.
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	05412
Verð:	970



Bon Courage Cabernet Sauvignon

Fallega rauður litur frá þrúgum af gömlum vínvið; Flókið vín sem einkennist af ferskum berjum og er aðeins hnetukennt. Fínlegt yfirbragð, gott jafnvægi. Vínið hefur náð fram enn meiri fyllingu og flauelsmýkt eftir 2 ár í flöskum og er því tilvalið til neyslu núna. Kallar á matarmikla kjötrétti svo sem steikur og kröftuga pottrétti í bragðmiklum sósum. Hentar vel með nokkuð öflugum ostum.
Megineinkenni: Dökkrautt. Ilmríkt. Bragðmikið, með grösugum, jarðar- og ávaxtakeim. Margslungið.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Suður-Afríka, Western Cape, Robertson
Framleiðandi:	Bon Courage Wine Estate
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	08859
Verð:	1190



J.P. Chenet Merlot

Vínið úr skökku flöskunum er nú komið á þriggja lítra kúta. Það er upprunnið í vínhéruðum suður Frakklands. Það hefur djúpan og unglegan fjólurauðan blæ. Ilmur þess er opinn og ber keim af sultu, járni og kryddi. Í munni er það sérstaklega milt og örlar á krækiberjum og mjúku tanníni. Vínið hentar vel með lambakjöti, pottréttum og flatbökum.
Megineinkenni:
Fjólurautt. Frekar létt, með léttkrydduðum ávexti og léttri stemmu.

Uppruni:	Frakkland, Languedoc-Roussillon, Oc
Framleiðandi:	J.P. Chenet
Magn og vínandi:	3000 ml 12,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C.
Berjategund:	Merlot
Vörunúmer:	04754
Verð:	3410



Freixenet Cordon Negro Brut

Kemur frá stærsta freyðivínsframleiðanda veraldar, Freixenet á Spáni. Það byggir á hinni þekktu kampavínsaðferð og kemst næst því að líkjast frönsku kampavíni. Þrúgurnar í þessu freyðivíni eru 40% Parellada, 35% Macabeo og 25% Xarello. Hin mikla notkun Parellada þrúgunar með gerjun við 12°C. gefur fínlegan, góðan og ávaxtaríkan keim.
Megineinkenni:
Fölgrænt. Létt, ferskt og þurrt með eplakeim.

Uppruni:	Spánn, Cava
Framleiðandi:	Freixenet
Magn og vínandi:	750 ml, 11,5%
Kjörtími og kjörhiti:	6-7°C.
Berjategund:	Parellada, Macabeo, Xarel-lo.
Vörunúmer:	08678
Verð:	960

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 18



Terra Andina Chardonnay

Frá víngarðinum Sur Andino í Chile sem er í eigu Santa Rita. Vínið er framleitt eingöngu úr Chardonnay þrúgunum sem eru ræktaðar í Central Valley í Chile. Þetta er yndislegt hvítvín með fallegum ljósum blæ, ávaxtaríku bragði af peru, ástríðuávöxtum og vanillu. Frísklegt en um leið með góðri fyllingu. Auðdrekkanlegt hvítvín, fer vel með alls konar fisk-, fugla-, pasta- og grænmetisréttum. Einnig tilvalið sem fordrykkur.

Megineinkenni: Ljósgulgrænt. Meðalfylling, ferskt, með léttri eik og snörpum ávexti.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Chile, Valle Central
Framleiðandi:	Terra Andina
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	7-10°C
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	05415
Verð:	970



Casal di Serra Verdicchio dei Castelli di Jesi

„Magnað í nefi jafnt sem munni, liturinn gullinn og aðlaðandi. Í nefi fíkjur og melónur, í munni eik og kryddaður hitabeltisávöxtur. Vínið er stórt og hrífandi. Þetta er hvítvín sem hrifur mann með sér, djúpt og seiðandi.“ 19/20 - Steingrímur Mbl.

Megineinkenni:
Ljósgult. Meðalfylling, þurrt, milt með fínlegum keim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Ítalía, Marche, Castelli di Jesi
Framleiðandi:	Umani Ronchi
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	8-10°C.
Berjategund:	Verdicchio
Vörunúmer:	04661
Verð:	1350



Painter Bridge Chardonnay

Ferskur Chardonnay, auðugur af perum, sítrus og apríkósum í bragði með góða mýkt og snerpu í eftirbragði. Árangurinn er vín með mikla fyllingu, gnægð ávaxta og gott jafnvægi. Þægilegt alhliða vín sem passar með öllu hvort heldur sem er eitt og sér eða með margslungnum mat þar á meðal súkkulaðiköku. Þrúgur: 82% Chardonnay og 18% Muscat Canelli. Vínið hefur legið í 6 mánuði á gamalli eik.
Megineinkenni: Ljósgulgrænt. Meðalfylling, mjúkt, fínlegt, mjög ávaxtaríkt, með mildri vanillu.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Painter Bridge Vineyards
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	7-10°C
Berjategund:	Chardonnay, Muscat Canelli
Vörunúmer:	08721
Verð:	1190



Larsen VS

Larsen (vsvc) VS koníak er yngsta koníak frá Larsen framleiðandanum og er blandað af berjum frá ýmsum svæðum í koníaks-héraðinu, þ.e.a.s. berjum frá Fins Bois berjum to Grande Champagne. Gullbrúnt að lit, kröftugt með karamellu- og eikarkeim, einnig sætur ávaxta- og vanillukeimur. Létt og mjúkt með smá sætukeim

Megineinkenni:
Gullið. Meðalfylling, þétt með sætum ávaxta- og vanillukeim.

Uppruni:	Frakkland
Framleiðandi:	Larsen S.A.
Magn og vínandi:	700 ml, 40%
Vörunúmer:	00697
Verð:	3690



Löwenbräu Original

Saga Löwenbräu nær allt aftur til 14. aldar þó svo að nafnið hafi verið skráð árið 1746.
Löwenbräu er einn þekktasti bjór í heimi, þó svo hann hafi ekki fengist hér á landi í um áratug. Nú er hann kominn aftur og Orginal frá München.

Megineinkenni:
Gulur. Frekar léttur með nokkurri mýkt.
Lítil beiskja.

Uppruni:	Þýskaland
Framleiðandi:	Löwenbrau AG
Magn og vínandi:	330 ml 5,2%
Vörunúmer:	05008
Verð:	119



Jever Pilsener

Jever kemur frá Jever í norðurhluta Þýskalands, nánar tiltekið frá Frislandi, þar sem vatnið er sérstaklega mjúkt og ferskt. Til þess að ná hinu einkennandi frísneska bitra bragði, þá er auka skammti af humlum bætt í við bruggun, sem er samkvæmt þýskum hreinleikalögum frá 1516 „Reinheitsgebot“=. Meðalfylling, ferskur maltkenndur keimur, nokkur beiskja

Megineinkenni:
Gulur. Bragðmikill og beiskur.

Uppruni:	Þýskaland
Framleiðandi:	Friesisches Brauhaus zu Jever
Magn og vínandi:	500 ml 4,9%
Vörunúmer:	05052
Verð:	208

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 19

B J Ó R



Beck's Gold

Brauerei Beck & Co í Þýskalandi hafa bruggað Beck´s frá árinu 1873 en hafa nú sett á markað nýja tegund og Ísland er fyrsta landið fyrir utan Þýskaland þar sem bjórinn er seldur.
Bjórinn hefur milt bragð og er laus við alla beiskju, hann hentar afar vel með mat og stendur að sjálfsögðu fyllilega fyrir sínu einn og sér. Í stuttu máli er Beck´s Gold ungur, ljós, mildur og ferskur
Megineinkenni:
Gulur. Frekar léttur, mjúkur og ferskur.

Uppruni:	Þýskaland
Framleiðandi:	Brauerei Beck & Co
Magn og vínandi:	330 ml, 4,9%
Vörunúmer:	09015
Verð:	165



H A G N Ý T T

Matartáknin í Vínblaðinu

Notuð eru tákn sem gefa til kynna hvaða matur geti passað við tiltekin vín.

- Fordrykkir, smáréttir
- Fiskur
- Skelfiskur
- Grænmetisréttir
- Ljóst kjöt/svínakjöt
- Nautakjöt
- Lambakjöt
- Villibráð
- Grillað kjöt
- Austurlenskur matur
- Ostar
- Pasta/Pítsa
- Ábætisréttir
- Sólpallavín
- Tilbúið til að drekka
- Tilbúið að drekka, en má geyma
- Batnar við geymslu

Notað með leyfi AS Vinmonopolet Noregi

Þjónusta til allra landsmanna

Áfengi er selt á sama verði til allra landsmanna, óháð hvar þeir búa. Þeir sem búa lengra en 25 km frá vínbúð geta fengið vín sent heim sér að kostnaðarlausu.

Endurvinnslan.is

Eins og fram kom í síðasta Vínblaði borgar Endurvinnslan og Sorpa 9 krónur fyrir allar einnota drykkjarumbúðir: það á jafnt við um allar vínflöskur og bjórflöskur, sem gosflöskur og dósir. Móttökustaðir eru víða og er hægt að leita nánari upplýsinga um móttökustaði úti um allt land á heimasíðu Endurvinnslunnar: endurvinnslan.is.



Skýringar á vöruskrá:

Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrúnu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.

Hitastig vína

Freyðivín 4-10°C
Hvítvín: 5-13°C
Rósavín: 5-7°C
Rauðvín: 12-20°C
Styrkt vín: 8-18°C

Venjulegur ísskápshiti er í kringum 3-5°C og kælir vín um 4°C á klst. Óopnuð flaska hitnar um 4-5°C á stofuborði á klst.

Vinbla i 1.qxd 18.2.2004 23:37 Page 20



VÖRUSKRÁ

RAUÐVÍN

Rauðvín eru gerjuð úr dökkum vínþrúgum. Styrkur vínanda er oftast á bilinu 11 til 14%
Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrúnu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.

Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims.
Helstu þrúgur eru Malbec og Cabernet Sauvignon.

	v.nr.	heiti	ml, %	verð
R	05378	Graffigna Malbec *Dökkfjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjarikt með léttri stemmu.*	750 ml, 13%	990
R	05077	Los Cardos Merlot	750 ml, 14%	1190
R	03457	Santa Ana Bonarda-Malbec Reservado	700 ml, 13%	990

Mendoza

R	05093	Alamos Cabernet Sauvignon *Dökkfjólublátt. Bragðmikið nokkuð stamt, með berjabragði og útihúsakeim.*	750 ml, 13%	1290
R	05095	Alamos Malbec *Dökkfjólurautt. Höfugt með léttri eik, berjarikt.*	750 ml, 13,5%	1290
R	05334	Alta Vista Bonarda	750 ml, 13,5%	1360
R	05926	Alta Vista Malbec *Fjólublátt. Bragðmikið, mjúkt, berjarikt með lyngkeim.*	750 ml, 13,5%	1450
R	05232	Alto Agrelo Cabernet Sauvignon	750 ml, 14%	1390
R	05357	Argento Cabernet Sauvignon *Fjólublátt. Bragðmikið og þétt, með krydduðu berjabragði.*	750 ml, 13%	1190
●R	05358	Argento Malbec *Fjólublátt. Bragðmikið og berjarikt. Ungt.*	750 ml, 13%	1190
